

Stofnanasamningur

milli SFR og framhaldsskóla um reglur við röðun starfa.

(Samkvæmt 11. kafla í kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 25. mars 2001)

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá eftirfarandi framhaldsskólum: Borgarholtsskóla, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Flensborgarskólanum, Framhaldsskóla Vestfjarða, Framhaldsskóla á Húsavík, Framhaldsskólanum á Laugum, Framhaldsskólanum í A-Skaftafellssýslu, Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum, Iðnskólanum í Hafnarfirði, Iðnskólanum í Reykjavík, Kvennaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Egilsstöðum, Menntaskólanum á Laugarvatni, Menntaskólanum í Kópavogi, Menntaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Menntaskólanum við Sund, Verkmenntaskóla Austurlands og Verkmenntaskólanum á Akureyri.

2. Starfsflokkar og grunnröðun í launaramma og launaflokka

Launakerfi framhaldsskólanna byggir á eftirfarandi starfsflokkum, hjá félagsmönnum SFR og eftirfarandi launaflokkar eru grunnröðun fyrir hvern starfaflokk. Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það.

Launarammar

Við mat á því hvernig starfinu er raðað innan launarammans skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni. Tekið skal tillit til:

- starfsskipulags og/eða skipurits skóla
- umfangs starfs
- ábyrgðar

A-rammi

Almenn störf sem að jafnaði eru unnin undir umsjón og ábyrgð annarra.

Lfl.	Starfsflokkur	Lýsing
A02-A05	Aðstoð	Aðstoð við nemendur (t.d. í tölvuveri og aðstoð við fatlaða), tækja- og stofueftirlit
A07	Baðvarsla/ Gangavarsla	Sinnir ræstingum og fylgist með umgengni.
A07	Fyrirsæta	Starfið felst í því að sitja fyrir sem módel.
A07	Matráður I	Almenn matseld.
A07	Skrifstofumaður	Einföld, almenn skrifstofustörf.
A07-A09	Vistarstjóri	Hefur eftirlit með heimavistum, gætir þess að farið sé að reglum og er nemendum innan handar.

B-rammi

Gert er ráð fyrir að starfsmenn geti sinnt störfum sem felast í umsjón og ábyrgð á sérstökum verkefnum og/eða verkefnisstjórn en undir ábyrgð annarra. Störfin krefjast sjálfstæðis í starfi.

Lfl.	Starfsflokkur	Lýsing
B03	Matráður II	Umsjón með öllum rekstri mótuneytis.
B03	Bókavörður	Útlán og afgreiðsla, heimilda- og upplýsingaleit,

		frágangur aðfanga, röðun í hillur, tiltekt, aðstoð við kynningar, grisjun, bókatalningu, úrklippusafn. Aðstoðar nemendur vegna tölvuvinnslu.
B03	Fulltrúi I	Afgreiðsla, ritvinnsla, móttaka og öflun gagna og úrvinnsla þeirra, s.s. skráning, merking, fjölföldun og frágangur. Miðlun upplýsinga til starfsmanna og nemenda og annarra viðskiptavina.
B05	Fulltrúi II	Afgreiðsla, ritvinnsla, móttaka og öflun gagna og úrvinnsla þeirra, s.s. skráning, merking, fjölföldun og frágangur. Miðlun upplýsinga til starfsmanna og nemenda og annarra viðskiptavina. Sérverkefni eru hluti starfsins.
B03	Umsjón I	Sinnir verkefnum skv. grunnlýsingu umsjónarmanna
B05	Umsjón II	Sinnir verkefnum skv. grunnlýsingu umsjónarmanna. Jafnframt því sinnir starfsmaður verkefnum sem krefjast aukins sjálfstæðis í starfi og meiri verkefnastjórnun (s.s. yfirumsjón með þaðvörðum og/eða ræstingafólki).
B03	Tækjavörður	Annast eftirlit með kennslutækjum, viðhald þeirra. Smíði nýrra (þróunarvinna) getur verið hluti starfsins.
B07	Fjármálafulltrúi	Vinnur við bókhald og aðstoð við áætlanagerð.

C-rammi

Um er að ræða störf þar sem starfsmenn bera stjórnunar- og rekstrarlega ábyrgð. Gerðar eru kröfur um sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Lfl.	Starfsflokkur	Lýsing
C02	Deildarstjóri	Annast daglegan rekstur og stýrir verkefnum sjálfstæðrar einingar
C02	Skrifstofustjóri	Annast daglega stjórnun og ber ábyrgð á rekstri skrifstofu og hefur umsjón með starfi annarra.
C02	Rekstrarstjóri	Gerir skipulags- og kostnaðaráætlanir um viðhald og breytingar á húsnæði. Hefur mannaforráð á sviði umsjónar, við viðhalds- eða breytingavinnu eða eftirlit. Sinnir jafnframt venjubundnum verkefnum umsjónarmanns.
C02	Netstjóri	Yfirumsjón með hugbúnaðarumhverfi skólans
C05	Fjármálastjóri	Annast allar fjárreiður skólans

D-rammi

Starfið felst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu skólans. Í starfinu felst ábyrgð á samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.1. Starfsreynsla

Eftir eitt ár í starfi hjá framhaldsskóla eiga þeir starfsmenn sem raðað er í A- og B-ramma rétt á eins launaflokks hækkun. Eftir þrjú ár í starfi hjá framhaldsskóla eiga þeir sömu rétt á eins launaflokks hækkun.

Eftir eitt ár í starfi hjá framhaldsskóla eiga þeir starfsmenn sem eru í starfi sem raðast í C- og D-ramma rétt á endurskoðun á launaröðun. Tekið skal tillit til þeirra þátta sem getið er í kafla 3.4. Eftir þrjú ár í starfi hjá framhaldsskóla eiga þeir sömu rétt á endurskoðun á launaröðun.

Heimilt er að meta starfsreynslu frá öðrum ef hún nýtist í starfi og er hún talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

3.2. Menntun

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- starfsmaður sem lokið hefur eins til tveggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður sem lokið hefur þriggja vetra námi skal hækka 2 launaflokka

Eða að hámarki tvo launaflokka frá grunnröðun.

3.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

Starfsmenn í störfum sem grunnraðað er í ramma A og B

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka

Eða samtals þrjú launaflokka til viðbótar grunnröðun.

Starfsmenn í störfum sem grunnraðað er í ramma C:

- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka

Eða samtals þrjú launaflokka miðað við grunnröðun.

3.4. Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um 1-4 launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem fram kemur hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

4. Gildistími

Samningur þessi kemur í stað fyrir stofnanasamnings sem gerðir var milli aðilla þann 17. janúar 2002.

Gildistími samnings þessa er frá 1. október 2002

5. Endurskoðun

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11. kafla í kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 25. mars 2001..

Reykjavík, 29. nóvember 2002.

F.h. Starfsmannafélags ríkisstofnana

F.h. framhaldsskóla

Breyting á grein 3.1 í stofnanasamningi milli SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu og framhaldsskólar.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá eftirfarandi framhaldsskólum: Borgarholtsskóla, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Flensborgarskólanum, Framhaldsskólanum á Húsavík, Framhaldsskólanum á Laugum, Framhaldsskólanum í A-Skaftafellssýslu, Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum, Iðnskólanum í Hafnarfirði, Iðnskólanum í Reykjavík, Kvennaskólanum í Reykjavík, Listdansskólanum, Menntaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Egilsstöðum, Menntaskólanum á Ísafirði, Menntaskólanum á Laugarvatni, Menntaskólanum í Kópavogi, Menntaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Menntaskólanum við Sund, Verkmenntaskóla Austurlands og Verkmenntaskólanum á Akureyri.

1.gr.

Ný gr. 3.1. verður:

Starfsreynsla í framhaldsskóla veitir rétt til hækkana innan launaramma viðkomandi starfs skv. eftirfarandi yfirliti:

Starfsreynsla	A rammi	B rammi	C rammi	D rammi
1 ár í starfi	1. lfl.	1. lfl.	Rétt til endurskoðunnar launa. Taka skal tillit til þeirra þátta sem getið er í gr. 3.4.	Rétt til endurskoðunnar launa. Taka skal tillit til þeirra þátta sem getið er í gr. 3.4.
3 ár í starfi	1. lfl.	1. lfl.	Rétt til endurskoðunnar launa. Taka skal tillit til þeirra þátta sem getið er í gr. 3.4.	Rétt til endurskoðunnar launa. Taka skal tillit til þeirra þátta sem getið er í gr. 3.4.
6 ár í starfi	1. lfl.	1. lfl.	1. lfl.	
9 ár í starfi	1. lfl.	1. lfl.	1. lfl.	
Samtals starfsreynslu	4. lfl.	4. lfl.	2. lfl.	

Heimilt er að meta starfsreynslu frá öðrum ef hún nýtist í starfi og er hún talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

2.gr.

Gildistaka

Samkomulag þetta gildir frá 1. febrúar 2005.

Innifalið í samkomulagi þessu er úthlutun á hlut framhaldsskóla að fjárhæð kr.

13.900.000- til tilfærslu einstakra hópa samkvæmt 1. málsgrein 3. greinar samkomulags um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR frá 5. mars 2005.

Til úthlutunar á þessu ári eru 11/12 hlutar upphæðarinnar. Skipting á einstaka skóla kemur fram í meðfylgjandi fylgiskjali.

Reykjavík 13. maí 2005

F.h. framhaldskólanna

F.h. SFR- stéttarfélag í almannaðjónustu